# Krónan og ferðaþjónustan

## þurfum við sérstaka sveifluhagfræði ?



Iðnþing 2008

Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Ferðaþjónusta stendur undir um 12% af útflutningstekjum okkar.




Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Hlutföll hafa breyst mikið, en ferðaþjónusta heldur sínum hlut . . !



# Ferðamönnum til Íslands hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár




Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Framtíðarsýn SAF til 2012 !

- Gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar verði komnar í a.m.k. 80 milljarða.
- Ferðaþjónustufyrirtæki verði arðbær og talin áhugaverður fjárfestingarkostur, enda búi þau við heilbrigða samkeppni og samkeppnishæf rekstrarskilyrði.
- Landið allt verði kynnt til eflingar ferðaþjónustu, þar sem náttúra , mannlíf og menning gegna lykilhlutverki.
- Ísland verði fyrst og fremst þekkt fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu.
- Nýsköpun og fagmennska í greininni tryggi arðsemi allt árið, enda byggi ferðaþjónustan á sterkri ímynd, gæðum, þekkingu og traustum innviðum.
- Samstarf ferðaþjónustufyrirtækja sem og annarra hagsmunaaðila styrki innviði greinarinnar og efli markaðssetningu landsins sem heildar.

# Ferðaþjónusta er í raun útflutningsgrein og lýtur sömu lögmálum og þar gilda

S A F

- Tekjur fyrirtækja eru að langmestu leyti í erlendri mynt.
- Kostnaður smærri fyrirtækja í greininni er að mestu í íslenskum krónum.
- Flest smærri ferðaþjónustufyrirtæki eru háð hinu gríðarlega háa vaxtastigi hér á landi – bætir á vanda þeirra.
- Gengisvarnir eru mjög dýrar – m.a. vegna mikils vaxtarmunar.
- Gengisvarnir eru flóknar, sérstaklega þegar sveiflur eru eins miklar og þær eru hér á landi
- Það má heita algerlega ómögulegt að flytja gengisáhættu yfir á viðskiptavini erlendis – þeir forðast krónu eins og unnt er.
- Vandinn er ekki krónan – heldur sveiflur á gengi hennar !

# Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafa verið að vaxa mjög mikið.




Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Samningar yfirleitt gerðir löngu áður en tekjur koma inn . . . !




Þessi sveifluhagfræði veldur sérstaklega smærri fyrirtækjum miklum vandræðum !

Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Af einhverjum ástæðum koma ferðmenn meira yfir sumarið !




Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

Það hefur verið spurt hvort að íslenska krónan sé byrði eða blóraböggull.

Gengisþróun er og hefur verið greininni mjög erfið – og það má búast við að sá vandi haldi áfram og jafnvel aukist. Krónan hefur því frekar verið byrði, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki ferðaþjónustunnar !

# Hvað er þá til ráða ?

- Það liggur fyrir, að einhliða upptaka annarrar myntar er í raun ekki fær – eða a.m.k. ekki vænlegur kostur.
- Miklar sveiflur í gengi krónu munu væntanlega halda áfram, hagstjórn hér á landi hefur hingað til ekki haft þann bitkraft sem til þarf til að koma í veg fyrir sveiflur.
- Samtök ferðaþjónustunnar hafa ekki tekið opinbera afstöðu til þess, hvort að innganga Íslands í Evrópusambandið eigi að vera á dagskrá.
- Við hljótum hins vegar að þurfa að spyrja okkur þessarar spurningar og það eins fljótt og auðið er !
- Trúum við því, að íslenska krónan verði enn sjálfstæður gjaldmiðill eftir 5-10 ár ? ?

## . . . en, leysir upptaka annars gjaldmiðils – og þá væntanlega Evru vandann ?

S A F

- Það er nú rétt að hafa í huga, að íslenska krónan er ekki eini gjaldmiðill heimsins sem sveiflast !
- Sveiflur hér eru almennt stærri – og það virðist erfitt að halda utan um og spá fyrir þessum sveiflum.
- Krónan og hagkerfið hér á við ímyndarvanda að stríða – smæð markaðar og ógegnsæi gerir stöðuna erfiða og það sést á viðbrögðum ýmissa erlendra aðila !
- Tillaga um að stefnt skuli að inngöngu í Evrópusamband mun eflaust slá eitthvað á þessa óvissu, sem í dag virðist einkenna erlenda fjármálamarkaði !

# Nokkrar staðreyndir / hugrenningar að lokum !

- Íslenska krónan hefur verið byrði á ferðaþjónustufyrirtækjum undanfarin ár.
- Rétt að hafa í huga, að miklar sveiflur geta þó bæði orsakað gengistap og gengishagnað.
- Takmörkuð þekking í sveifluhagfræði hefur komið sér illa fyrir minni fyrirtækin í ferðaþjónustu.
- Meginmarkmið SAF er að tryggja fyrirtækjum innan samtakanna sambærileg rekstrarskilyrði og eru hjá samkeppnisþjóðum okkar – það er erfitt í slíku umhverfi.
- Umræða um þessi mál er nauðsynleg – ef við ræðum þetta ekki opinskátt leiðum við ekki atburðarrásina !

Jón Karl Ólafsson
formaður SAF

# Takk fyrir mig.



Jón Karl Ólafsson
formaður SAF